



Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1770
komudagur 27.2.2013

Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Grindavík, 27. febrúar 2013
nr. erindis 1302007 RR

Á 427. fundi bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar var tekið fyrir neðangreint erindi.

Frá atvinnuveganefnd Alþingis, Vegna 570. máls, stjórn fiskveiða
(heildarlög)

Allir tóku til máls.


Bæjarstjóri kynnti tillögu að umsögn Grindavíkurbæjar um frumvarpið. Umsögnin er í samræmi við fyrri umsagnir bæjarstjórnar um sambærileg frumvörp um breytingar á stjórn fiskveiða.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða umsögnina og felur bæjarstjóra að senda umsögnina til atvinnuveganefndar Alþingis.

Ofangreind afgreiðsla bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar tilkynnist hér með. Umsögnin er meðfylgjandi

Virðingarfyllt,
f.h. bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar


Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri



Minnisblað starfsmanna (innra vinnuskjal)

Móttakandi: Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar og atvinnuveganefnd Alþingis
Varðandi: Stjórn fiskveiða

1302007

Dags.: 26. febrúar 2013

Málefni: Umsögn um 570. mál. Stjórn fiskveiða heildarlög

Afrit: x

Það frumvarp sem nú hefur verið sent til umsagnar um stjórn fiskveiða byggir að stórum hluta á frumvarpi um stjórn fiskveiða sem fram kom í mars á síðasta ári. Grindavíkurbær sendi umsögn um það frumvarp, og frumvarp um veiðigjöld, eins og mörg önnur sveitarfélög. Mörg sveitarfélög fengu sérfróða aðila til að vinna skýrslur og úttektir um áhrif frumvarpanna á þeirra samfélög og rekstur sveitarfélaganna. Þær áttu það allar sameiginlegt að breytingar sem boðaðar voru í frumvörpunum myndu hafa mikil fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin og þau samfélög sem þau byggja.

Greinargerð sérfræðinga sem atvinnuvegaráðuneytið fékk til að meta þáverandi frumvarp gaf sömu vísbendingar um áhrif á sjávarútveginn í landinu. Þá gekk það eins og rauður þráður í gegnum umsagnir sveitarfélaganna að farið var fram á að gerð yrði heildarúttekt á því hvaða áhrif breytingarnar myndu hafa á stöðu sveitarfélaganna og samfélaga sem byggja á sjávarútvegi. Slík úttekt hefur ekki farið fram og er ekki að sjá að fyrirbyggjandi frumvarp bæti með nokkrum hætti úr þeim miklu ágöllum sem voru á fyrra frumvarpi.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar leggur því enn og aftur til að atvinnuveganefnd hefji að nýju vinnu við fiskveiðistjórnunarkerfið á niðurstöðu Sáttanefndar í sjávarútvegsmálum sem skilaði af sér haustið 2010.

Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar hefur ávallt lagt áherslu á að leitað verði leiða til að ná sátt um íslenskan sjávarútveg með reglum sem hafi það að markmiði að þær styrki greinina í heild sinni og skapi hvata til þess að hámarka verðmæti, draga úr framleiðslukostnaði og auka þar með arðsemi og tekjur þjóðarbúsins. Fyrirliggjandi frumvarp nær ekki að uppfylla þau markmið. Þvert á móti er lagt til að enn verði dreginn máttur úr sjávarútvegsfyrirtækjum og sjávarsamfélögum og áhrif ráðherra aukin, með þekktum afleiðingum og fyrirgreiðslu. Miðstýring atvinnuvega og úthlutun heimilda til atvinnusóknar úr ráðuneyti hefur aldrei skilað góðum árangri. Aukin áhrif ráðherra munu auk þess stuðla að miklum óstöðugleika í sjávarbyggðum og draga úr atvinnuöryggi þess fólks sem starfar í sjávarútvegi sbr. m.a. 3. mgr. 18. greinar frv. þar sem ráðherra á „eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti“ að leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um meðferð og ráðstöfun aflahlutdeilda í *Flokki 2*.

Grindavíkurbær hefur ávallt haft efasemdir um gildi strandveiða fyrir íslenskan sjávarútveg, en röksemdir fyrir auknum strandveiðum hafa snúið að auknu frelsi í veiðum og aukinni nýliðun. Nýliðunin hefur helst komið þannig fram að aðilar sem hafa selt aflaheimildir, til þeirra fyrirtækja sem nú eiga að greiða sérstakt veiðigjald og hafa þolað skerðingar í gegnum tíðina, hafa komið aftur inn í sjávarútveg án greiðslu fyrir aflaheimildir. Í fyrirbyggjandi frumvarpi í 20. grein frv. lagt til að nú verði

RR

hægt að úthluta sóknardögum fyrir hvert fiskiskip, sem er fyrsta skrefið í kvótasetningu fyrir strandveiði.

Til upprifjunar vill bæjarstjórn Grindavíkur taka fram að sjávarútvegsfyrirtækin í Grindavík skapa um 1.000 bein störf við veiðar og vinnslu á Íslandi, sem eru álíka mörg störf og eru í álíðnaði á Íslandi. Varlega áætlað hleypur fjöldi afleiðra starfa sem sjávarútvegur í Grindavík skapar á fleiri hundruðum. Þessi störf eru mönnum starfsmönnum sem búa um allt land. Áhrif sjávarútvegs í Grindavík ná því víða.

Sjávarútvegsfyrirtæki í Grindavík hafa alla tíð starfað eftir þeim lögum sem Alþingi hefur sett. Í samræmi við þær reglur hafa fyrirtækin fjárfest í aflaheimildum, bæði til að vinna á móti þeim skerðingum sem verið hafa og til að auka veiðar og vinnslu fyrirtækjanna. Fyrirtækin hafa lagt sig fram um það að stýra veiðum sínum og vinnslu til að hámarka verðmæti afurðanna og vinna nú ötullega að því auka samkeppnisforskot Íslendinga í fullvinnslu þorskafurða undir merkjum Codland.

Það er ljóst að sérstaka veiðigjaldið sem lagt var á útgerðarfyrirtæki á síðasta ári mun hafa margvísleg áhrif á sjávarútveginn og þar með sjávarsamfélag. Enn liggur ekki fyrir hver þau áhrif verða nákvæmlega og því óábyrgt að leggja nú í frekari breytingar á fiskveiðistjórnun í því óvissuástandi sem ríkir.

Í auðlindaskýrslu sem unnin var fyrir forsætisráðherra árið 2000 og kennd er við Jóhannes Nordal fyrrverandi seðlabankastjóri eru lagðar til tvær leiðir. Annarsvegar fyrningarleið og hinsvegar veiðigjaldsleið. Af skýrslunni að dæma virðast nefndarmenn ekki hafa verið sammála um hvora leiðina væri æskilegt að fara, en að þeir hafi verið sammála um að ekki væri hægt að fara báðar. Á síðasta ári var tekin ákvörðun um veiðigjaldsleið, með öllum þeim göllum sem henni fylgja, en nú á að láta kné fylgja kviði og fara líka fyrningarleið, sbr. skerðingarákvæði frumvarpsins s.s. ákvæði til bráðabirgða II. Ljóst má vera að það getur hvorki talist sanngjarnt né vænlegt til árangurs fyrir íslenskt efnahagslíf.

Sú mikla hagræðingarkrafa sem felst í töku sérstaka veiðigjaldsins mun m.a. stuðla að sameiningu fyrirtækja og fækkun starfa í veiðum og vinnslu. Slík fækkun mun leiða til á fækkun íbúa í sjávarbyggðum sem þekktum afleiðingum. Grindavíkurbær er aðili að Samtökum sjávarútvegssevitarafélaga sem hafa gert kröfu um að þau sveitarfélög sem háð eru veiðum og vinnslu fái hluta sérstaka veiðigjaldsins til að bregðast við atvinnubresti og breytingum af völdum þeirrar hagræðingar sem af því hlýst. Sama ætti að eiga við um ráðstöfun tekna sem aflað er við ráðstöfun aflamarks úr flokki 2 ef 570. mál verður að lögum.

Verði frumvörpin að lögum er ljóst að áhrifin verða verulega neikvæð á samfélagið í Grindavík og á Suðurnesjum öllum og mun að öllu óbreyttu valda því að íbúum á svæðinu kann að fækka. Það er ekki á samfélagið á Suðurnesjum leggjandi. Áhrifin munu jafnframt koma fram á öðrum svæðum, en fyrirtækin í Grindavík sækja starfsfólk, og þá ekki síst sjómenn, um land allt.

Fh. Bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar.
Róbert Ragnarsson
bæjarstjóri

